

**Sp.**

**294. Tillaga til þingsályktunar**

**[157. mál]**

um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela 7 manna nefnd þingmanna, sem kosin er hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, að gera tillögur um markmið og leiðir og mörkun almennrar stefnu til jafnvægis í byggð landsins. Skal að því stefnt, að markviss starfsemi á því sviði verði viðurkenndur og fastur þáttur í íslenskri stjórnsýslun.

Í því skyni skal nefndin m. a.:

1. Kanna, hvaða atriði valda fyrst og fremst mismunun á milli landsmanna eftir búsetu, bæði fjárhagslegri og félagslegri.
2. Kanna og meta eins og unnt er hin þjóðhagslegu áhrif þeirrar þróunar í byggðamálum, sem átt hefur sér stað á undanförunum áratugum.
3. Kanna, hvaða ráðstafanir nágrannaþjóðirnar hafa gert á þessu sviði og hvaða almenna stefnu þær hafa markað.
4. Athuga, hvað unnt er að gera af opinberri hálfu til þess að jafna metin á milli landsmanna, og gera tilraun til að meta áhrif slíkra aðgerða og kostnað.
5. Gera tillögur um markmið í byggðamálum.
6. Gera tillögur um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum.
7. Leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar. Í samráði við forsætisráðuneytið skal nefndin fá eðlilega starfsaðstoðu, og henni skal heimilt að leita álags sérfróðra manna. Framkvæmdastofnun ríkisins skal skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr Byggðasjóði.

**Greinargerð.**

Á undanförunum árum og áratugum hafa orðið tíðar umræður á Alþingi um jafnvægi í byggð landsins. Hafa margir varað við þeirri þróun, sem orðið hefur á undanförunum árum og leitt hefur til óeðlilegrar röskunar á byggðajafnvægi. Minna hefur þó orðið úr framkvæmdum til þess að spyrna fæti við þeirri þróun. Einstakir þingmenn hafa hreyft mikilvægum málum í þessu sambandi, og af opinberum aðgerðum má nefna eflingu Byggðasjóðs. Einnig eru miklar vonir bundnar við þá

athugun, sem nú fer fram á staðsetningu opinberra stofnana. Hins vegar fer því víðs fjarri, að um almenna heildarstefnu sé að ræða.

Flestum mun vera orðið ljóst, hve geigvænleg hætta fylgir þróun undanfarinna ára. Stefnir óðfluga að því, að landið byggist sem eitt borgarríki á suðvesturluta þess. Náttúruauðæfin, sem eru grundvöllur efnahagslífsins, eru hins vegar dreifð um allt landið og í kringum það. Til þess að þau verði nýtt, verður að vera öflug byggð í öllum landshlutum.

Þessari þróun hefur valdið mikil mismunun á milli landsmanna eftir byggðarlögum. Svo er á fjölmörgum sviðum.

Nefna má heilbrigðisþjónustuna sem dæmi. Hún er ein af grundvallarnauðsynjum nútíma þjóðfélags. Víðast hvar býr dreifbýlið að þessu leyti við stórum lakari aðstöðu en þéttbýlið. Þótt unnið sé að endurbótum á þessu sviði, vantar mikið á, að jafnræði sé náð, og líklega næst það aldrei til fullnustu. Hins vegar er nauðsynlegt að viðurkenna þá staðreynd bæði í orði og verki, að verja ber miklu meira fjármagni í dreifbýlinu en í þéttbýlinu til þess að tryggja eins og bezt verður gert þessi frumskilyrði nútíma þjóðlífs.

Svipað má segja um menntun barna og unglínga. Á því sviði þarf að gera sérstakt átak fyrir dreifbýlið, bæði með tilliti til skipulags þeirra mála og námskostnaðar.

Talsíminn er enn eitt dæmi um mismunun. Opinberar stofnanir eru flestar í Reykjavík. Til þeirra þurfa allir landsmenn að leita. Þar eru einnig flestöll innflutningsfyrirtæki, og svo mætti lengi telja. Þeir, sem búa í dreifbýlinu, hafa, eins og nú er háttað, langtum meiri talsímakostnað þegar þeir leita símleiðis til slíkra aðila, en þeir, sem í þéttbýlinu búa. Á síðasta þingi lagði fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu fram þingsályktunartillögu ásamt nokkrum öðrum alþingismönnum um meiri jöfnun á talsímakostnaði en verið hefur. Það vakti vonbrigði og furðu, að tillaga sú fékkst ekki afgreidd frá nefnd. Nauðsynlegt er að fá viðurkennt, að létta ber þessari byrði af íbúum dreifbýlisins. Kanna verður, á hvern hátt það verður bezt gert.

Flutningskostnaður á nauðsynjum út í dreifbýlið veldur miklum ójöfnuði. Að visu er upplýst, að í gangi mun vera einhver athugun á þessu sviði. En allt bendir til þess, að sú athugun sé mjög takmörkuð og nái fyrst og fremst, ef ekki eingöngu, til flutningakerfisins sem slíks. Það er að visu góðra gjalda vert, en margt fleira veldur mismunun á flutningskostnaði. Nefna má þá furðulegu staðreynd, að söluskattur er krafinn bæði af útskipun og uppskipun og af flutningskostnaði á nauðsynjum í bifreiðum. Þetta veldur að sjálfsögðu verulegri hækkun á vöruverði í dreifbýlinu. Það gerir einnig þungaskattur á flutningabílum, og fleira mætti nefna. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé eðlilegt, að hið opinbera stuðli þannig að hærri vöruverði í dreifbýli en í þéttbýli. Þetta þarf að athuga og marka ákveðna stefnu til úrbóta.

Á sviði íbúðabygginga hefur dreifbýlið farið mjög halloka. Jafnvel miðað við íbúafjölda hafa lán til húsnæðismála verið töluvert minni til íbúa dreifbýlisins en þéttbýlisins. Er skortur á íbúðarhúsnæði einhver mesti þrándur í götu eðlilegrar þróunar í flestum byggðarlögum. Á þessu verður að ráða bót. Líklega er rétt að veita viðbótarlán til íbúðabygginga í þeim landshlutum, sem verst eru settir að þessu leyti, eins og Norðmenn gera, og fleiri leiðir til úrbóta þarf að kanna.

Á sviði atvinnumála hefur mikilvægt átak verið gert með stofnun Byggðasjóðs, en betur má, ef duga skal. Athuga þarf, hvort ekki sé rétt að veita atvinnufyrirtækjum í ákveðnum landshlutum skattaávilnanir, flutningastyrki og aðra sérstaka fyrirgreiðslu.

Fjölmörg önnur svið mætti nefna, þar sem ójöfnuður er milli íbúa dreifbýlis og þéttbýlis, en ofangreind dæmi verða að nægja. Hins vegar er í þingsályktunartillögu þessari lagt til, að sett verði á fót 7 manna nefnd, sem fái það verkefni að draga fram í dagsljósið sem flest atriði, sem mismunun valda. Nefndinni er ætlað

að meta þessi atriði. Henni er ætlað að kanna, hvaða ráðstafanir aðrar þjóðir hafa gert til þess að spyrna við fótum. Og loks er nefndinni ætlað að gera tillögu til ríkisstjórnar og Alþingis um mörkun heildarstefnu á þessu sviði.

Slík heildarstefna ætti að geta orðið að leiðarljósi við opinberar ákvarðanir, sem áhrif hafa á byggðaþróun. Er þess vænt, að jafnvægi í byggð landsins verði fastur liður í stjórnsýslun og þannig meira en slagorð ein.

Það starf, sem nefndinni er ætlað að vinna, er mikið að vöxtum. Nefndin þarf að leita álits hjá sérfróðum mönnum á ýmsum sviðum og fá frá þeim skýrslur og tillögur. Fyrir slíka starfsemi þarf að sjálfsögðu að greiða. Hins vegar virðist eðlilegt, að Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á að vinna að byggðamálum meðal annars og að sumu leyti fyrst og fremst, veiti nefndinni eðlilega sérfræðipjónustu og að Bygðasjóður standi undir kostnaði við störf nefndarinnar. Í fljótu bragði má jafnvel virðast eðlilegt að fela Framkvæmdastofnun ríkisins þetta verkefni. Við nánari athugun töldu flutningsmenn það þó ekki rétt. Sú stofnun starfar fyrst og fremst að atvinnumálum, en þeirri nefnd, sem í þessari tillögu er lagt til, að sett verði á fót, er ætlað að skoða byggðavandamál in í viðtækustu merkingu. Hins vegar ættu niðurstöður nefndarinnar að geta orðið Framkvæmdastofnun ríkisins að leiðarljósi.

Þótt starfið sé mikið, er lögð áherzla á, að því sé hraðað. Virðist hæfilegt að ætla nefndinni eitt ár til þessa starfs.